

REGLUGERÐ

um A-gatnagerðargjöld í Þórshafnarhreppi N-Þing.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja A-gatnagerðargjald á lóðir á skipulögðum svæðum hreppsins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	3,0%
Tveggja hæða raðhús	2,0%
Raðhús á einni hæð	2,2%
Fjölbýlishús	1,5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,0%
Opinberar byggingar	3,0%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnaði	1,5%
Önnur hús	2,0%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 3,00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, samþykkt einbýlishús hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalda miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast ársfjórðungslega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur miðast við byggingarvísitölu 909 1. janúar 1982.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalda samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir: Út-
hlutun er háð því, að full skil verði gerð áður en byggingarleyfi er veitt eða áður en lóðarsamningur er útgefinn.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e.a.s., að lóð fellur aftur til sveitarfélagsins hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 31/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 171, 11. mars 1980, um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Við 1. lið auglýsingarinnar um vörur, sem heimilt er að flytja inn með allt að þriggja mánaða greiðslufresti bætist eftirtaldar vörur:

Tollskrárn.	Vöruheiti
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnatur.
úr 09.09.00	Kúmen.
úr 19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni ("bakery additives", "dough developers" o.fl.), einkum samsett úr neysluhafum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (monodi- eða triglyceríðum) og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, móludum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o.s.frv.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við 19. gr. reglugerðar nr. 519, 14. desember 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1982.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.